

# SIS II Schengen- upplýsinga- kerfið II

*Aðstoðar  
lögreglufirvöld  
og yfirvöld á sviði  
stjórnsýslu við að  
vernda á betri máta  
Schengen-svæðið,  
berjast gegn glæpum  
og finna týnda  
einstaklinga.*

## Hefurðu spurningar varðandi Evrópusambandið?

Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar þig við að finna svörin við spurningum þínum um Evrópusambandið.

Gjaldfrjálst símanúmer (\*):

**00 800 6 7 8 9 10 11**

(\* Sum farsímafyrirtæki bjóða ekki upp á aðgang að 00 800 númerum eða taka gjald fyrir símtölin.

# SIS II Schengen- upplýsinga- kerfið II



**STUÐLAR AÐ FRJÁLSARI  
FERÐUM ÞÍNUM,  
STUÐLAR AÐ  
ÖRUGGARA LÍFI ÞÍNU**

Frekari upplýsingar um SIS II og rétt þinn á:  
[ec.europa.eu/dgs/home-affairs/sisii](http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/sisii)



## Hvað er Schengen-svæðið?

Schengen-svæðið er stór hluti af Evrópu þar sem eftirlit á sameiginlegum innri landamærum hefur verið fellt niður. Aðildarríkin beita sameiginlegum reglum við eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins, sem og við mál tengdum vegabréfsáritunum og samvinnu lögreglu og þjónustu tengda dómstólum varðandi sakamál (sjá lista yfir Schengen-lönd sem finna má á heimasíðunni sem minnst er á aftast í bæklingnum).

## Hvað er Schengen-upplýsingakerfið?

Schengen-upplýsingarkerfið (og önnur kynslóð kerfisins - SIS II) er höfuðatriði í Schengen-samvinnunni. Það er upplýsingarkerfi sem gerir landamæravörslu, tollgæslu og lögreglu, sem ábyrg eru fyrir eftirliti á ytri landamærum Schengen sem og innan Schengen-svæðisins, kleift að dreifa viðvörðunum um eftirlýsta eða týnda einstaklinga og hluti á borð við stolna bíla eða skjöl. SIS II heldur því áfram því mikilvæga hlutverki að bæta upp fyrir afnám eftirlits á innri landamærum og greiðir fyrir frjálsri fær einstaklinga innan Schengen-svæðisins.

SIS II veitir upplýsingar um einstaklinga sem eiga hvorki rétt á inngöngu né að dveljast á Schengen-svæðinu og um þá sem leitað er að í tengslum við afbrotastarfsemi. SIS II inniheldur einnig upplýsingar um týnda einstaklinga, sérstaklega börn og aðra berskjaldaða einstaklinga sem þarfnast verndar. Upplýsingar um ákveðna hluti eru einnig skráðar í SIS II, til dæmis bíla, skotvopn, báta og persónuskilríki sem gætu hafa týnst eða verið stolin eða verið notuð við glæpastarfsemi.

Í grundvallaratriðum getur tollgæsla, löggæsla, dómsmálafirvöld eða viðeigandi yfirvald á sviði stjórnsýslu í einu landi gefið út „viðvörðun“ sem lýsir einstaklingnum eða hlutum sem að er leitað. Ástæður fyrir því að viðvörðun er send út:

- Til að synja einstaklingum um inngöngu sem eiga hvorki rétt á inngöngu né að dveljast á Schengen-svæðinu
- Til að finna og handtaka einstakling vegna þess að evrópsk handtökuskipun hefur verið gefin út á hendur honum
- Til að aðstoða við að finna einstaklinga sem dómsmálafirvöld eða löggæslufirvöld leita að
- Til að finna og vernda týndan einstakling
- Til að finna stolna eða týnda eign.



© iStockphoto | Maciej Nostkowski

Gögn sem vistuð eru í SIS II eru þau gögn sem nauðsynleg eru til að bera kennsl á einstakling (þar á meðal ljósmynd og fingraför) sem og viðeigandi upplýsingar um viðvörðunina (þar á meðal þær aðgerðir sem grípa skal til).

## Hvaða yfirvöld hafa aðgang að SIS II upplýsingum?

Aðgangur að SIS II er takmarkaður við lögreglufirvöld landsins, dómsmálafirvöld og yfirvöld á sviði stjórnsýslu. Þessi yfirvöld geta aðeins fengið aðgang að þeim SIS II upplýsingum sem þau þurfa fyrir ákveðna framkvæmd í starfi sínu. Evrópsku stofnanirnar EUROPOL og EUROJUST hafa takmarkaðan aðgangsrétt til að framkvæma ákveðnar tegundir fyrirspurna.

## Hvernig er verndun persónuupplýsinga tryggð?

Yfirvöld í hverju landi sem nota SIS II eru skyldug til að kanna gæði þeirra upplýsinga sem þau skrá inn í kerfið. Á Schengen-svæðinu eru strangar kröfur varðandi gagnavernd. Ef persónuupplýsingar eru vistaðar um einstakling á sá sami rétt á að fá aðgang að þeim og tryggja að þær séu nákvæmar og skráðar að lögum. Ef svo er ekki hefur einstaklingurinn rétt á að fara fram á að þær verði leiðréttar eða þeim eytt.

Aðgangs má aðeins synja þegar slíkt er óhjákvæmilegt fyrir löglega framkvæmd verks í tengslum við viðvörðun og til að vernda réttindi og frelsi annarra einstaklinga.

## Hvað gerist ef nafn mitt er misnotað af aðila sem viðriðinn er lögbrot eða ólöglega inngöngu inn á Schengen-svæðið?

Stundum er falskt nafn notað við framkvæmd glæpa eða þegar reynt er að fá inngöngu eða að dveljast á Schengen-svæðinu. Slíkt misnotkun snýst oft um týnd eða stolin persónuskilríki. Ef slíkar aðstæður leiða til þess að viðvörðun er skráð inn í SIS II getur það skapað erfiðleika fyrir einstaklinginn hvers skilríkjum hefur verið stolið. Ítarlegar aðferðir hafa samt sem áður verið settar fram til að vernda hagsmuni þessara saklausu einstaklinga (sjá að neðan).

## Hvernig sækja skal um aðgang, leiðréttingu, eyðingu og þegar um er að ræða misnotkun persónulegra upplýsinga þinna.

Ef þú telur að persónulegar upplýsingar þínar hafa verið misnotaðar eða ef leiðréttar þarf þær eða eyða þeim getur þú sótt um aðgang í öllum Schengen-löndum með því að hafa samband við lögbært yfirvald (almennt séð landsyfirvöld sem eftirlit hafa með gagnavernd eða þau yfirvöld sem ábyrg eru gæðum landsgagna sem færð eru inn í SIS II). Ef þú ert fyrir utan Schengen-svæðið getur þú haft samband við ræðisskrifstofu Schengen-lands í því landi sem þú hefur búsetu í. Þér verður tilkynnt um eftirfylgni beiðnar þinnar eigi síðar en eftir þrjá mánuði.

Frekari upplýsingar um SIS II og rétt þinn á:  
[ec.europa.eu/dgs/home-affairs/sisii](http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/sisii)

